



Fréttabréf Kjarasviðs

3. tölublað - 1. árgangur 2010 - ábm.: Inga Rún Ólafsdóttir

Menntun starfsmanna er sameiginlegt verkefni

Í ársskýrslu Sveitamenntar vegna ársins 2009 eru sveitarfélög og þær stofnanir sem aðild eiga að sjóðnum hvött til að nýta sér þá styrki sem í boði eru. Í ársskýrslunni er m.a. að finna upptalningu á þeim verkefnum sveitarfélaga sem fengu samþykkt styrkloforð á árinu.

Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands og byggir sjóðurinn tilvist sína á gr. 13.4.3 í kjarasamningi LN og SGS. Markmið sjóðsins eru að auka möguleika sveitarfélaga og stofnana þeirra á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma og að efla starfsmenntun starfsmanna með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni. Heimasíða sjóðsins er www.sveitamennt.is.

Fleiri sjóðir eru reknir á grundvelli kjarasamninga til að sinna verkefnum á sviði símenntunar og mannauðs. Meðal þeirra eru Mannauðssjóður Kjalur og nýstofnaður Mannauðssjóður Samflots. Í ársskýrslu fyrirnefnda sjóðsins er m.a. að finna upptalningu á þeim verkefnum sem voru styrkt á árabílinu 2007 til 2009.

Vel menntað starfsfólk er ein helsta forsenda þess að sveitarfélög og stofnanir þeirra geti tekist á við þær öru breytingar sem eiga sér stað í atvinnulífinu. Menntun starfsmanna er því sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni atvinnurekenda og stéttarfélaga og eru sveitarfélög og stofnanir þeirra hvött til að kynna sér nánar starfsemi sjóðanna.



Um breytt einingakerfi háskólastigsins

Eftir að lög um háskóla nr. 63/2006 tóku gildi var einingakerfi háskólastigsins breytt og eru allar einingar jafngildar ECTS einingum (European Credit Transfer System). Þetta þýddi að einingafjöldi einstakra námskeiða skv. fyrra einingakerfi háskóla var tvöfaldaður, þ.e. námskeið sem áður var metið til 3 eininga var með breytingunni metið til 6 ECTS-eininga o.s.frv. Sbr. 6.gr. laga nr. 63/2006 svara 60 námseiningar (ECTS) til fulls náms á ársgrundvelli.

Viðurkenndar prófgráður og lokapróf, sem háskólar miða við, eru:

- » Diplómapróf sem jafngildir a.m.k. 30–120 stöðluðum námseiningum.
- » Bakkalárpróf sem jafngildir a.m.k. 180–240 stöðluðum námseiningum.


- » Meistara- eða kandidateitpróf sem jafngildir a.m.k. 90–120 stöðluðum námseiningum til viðbótar bakkalárprófi eða jafngildi þess.
- » Doktorspróf sem jafngildir að lágmarki 180 stöðluðum námseiningum til viðbótar tilskildum einingafjölda til meistara- eða kandidateitprófs.

Þegar viðbótarmentun er metin til launa ber því að skoða vel fjölda eininga sem liggja að baki viðbótarmentuninni og við hvaða einingakerfi háskólastigsins er miðað. Kjarasamningsákvæðin um mentun á háskólastigi miðast enn við gamlar einingar. Við framkvæmd þeirra þarf að gæta að því hvort hlutaðeigandi einstaklingur sé með vottorð upp á gamlar eða nýjar einingar. Sé hann með nýjar staðlaðar ECTS einingar teljast 60 slíkar sem 30 gamlar.

Verkefni launanevndar hugsanlega færð til stjórnar sambandsins

Stjórn sambandsins skipaði á fundi sínum 29. apríl 2009 nefnd, sem hafði það hlutverk að kanna kosti og galla þess að færa verkefni Launanevndar sveitarfélaga til stjórnar sambandsins. Nefndin skilaði tillögum og greinargerð til stjórnar og var málið tekið fyrir á fundi stjórnar sambandsins þann 25. júní 2010, sem samþykkti að leggja málið fyrir til umfjöllunar og afgreiðslu á XXIV. landsþingi sambandsins í haust.

Tillögur nefndarinnar eru í meginráttum þær að leggja LN niður og færa umboð til kjarasamningagerðar til stjórnar sambandsins. Kjarasvið sambandsins hefði yfirumsjón með gerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna og því til ráðgjafar yrði fimm manna kjaramálanefnd, skipuð sérfræðingum sveitarfélaga á sviði kjara- og starfsmannamála. Sjá nánar í [775. fundargerð stjórnar](#).



Betri tenging og aukin samþætting milli skólastiga

Kjarasvið hefur gefið út skýrslu með niðurstöðum úr könnun á framkvæmd samreksturs skóla. Könnunin var gerð í samvinnu við Félag leikskólakennara og Skólastjórafélag Íslands. Samkvæmt upplýsingum sveitarfélaga er um að ræða 13 skóla með leik- og grunnskólastig í samrekstri, þrjá skóla með grunn- og tónlistarskóla í samrekstri og átta skóla þar sem öll þrjú stigin eru rekin saman undir stjórn eins skólastjóra.

Nemendur á grunnskólaaldri eru mun fleiri í samreknum skólum en nemendur á leikskólaaldri. Þannig lá hlutfall grunnskólabarna af heildarfjölda barna á bilinu 63-97%. Ekki var óskað eftir upplýsingum um fjölda nemenda í tónlistarskólunum.

Nokkuð var um að sveitarfélög hafi verið að leita eftir hagræðingu í rekstri með þessu rekstrarformi og betri nýtingu húsnæðis. Þá voru einnig nokkur dæmi um að leitast hefði verið við að ná meiri samfellu milli leik- og grunnskóla og auka á stöðugleika í starfsmannahaldi til að tryggja fagmennsku.

Helstu kostir við samrekstur skv. svörum sveitarfélaganna felast í betri tengingu og aukinni samþættingu milli skólastiga. Þá þykir þetta fyrirkomulag auka líkur á að fagmenntað fólk fái störf. Einnig er nefnt að stigin læri hvert af öðru, þá sér í lagi grunnskólastigið af leikskólastiginu. Fækkun stjórnenda þykir vera kostur og eins að fyrirkomulagið auðveldi sameiginlega stefnu í skólamálum.

Skýrsla um framkvæmd samreksturs skóla.



Áhugavert efni tengt vinnumarkaðinum

[Fréttabréf stjórnenda ríkisstofnana 15. júní 2010, frá fjármálaráðuneytinu](#)

[Ársrit VIRK 2010, frá Starfsendurhæfingarsjóði](#)

[Frétt um vísitölu launa á 2. ársfjórðungi 2010, frá Hagstofu Íslands](#)

[Hagtíðindi um vinnumarkaðinn á 2. ársfjórðungi 2010, frá Hagstofu Íslands](#)

Ýmsar greiðslur samkvæmt kjarasamningum LN við Samflot bæjarstarfsmannafélaga og SGS

	Krónur
Fæðispeningar á hvern vinnuskuldudag skv. gr. 3.4.4 – gildistími í 3 mánuði frá 1. júlí 2010	328,89
Matarverð starfsmanna fyrir mat frá öðrum aðila skv. gr. 3.4.3 – gildistími frá 16. maí 2010	520,00
Fatapeningar á unna klst. skv. gr. 8.2.7 – gildistími í 3 mánuði frá 1. júlí 2010	19,40
Tryggingar – gildistími í 6 mánuði frá 1. júlí 2010	
Dánarslysabætur skv. gr. 7.1.2	
1. tl.	1.131.509
2. tl.	7.059.454
3. tl.	9.700.062
4. tl.	1.185.553
Vegna varanlegrar örorku skv. gr. 7.1.3	
Hámark	17.218.806
Farangurstrygging skv. gr. 7.1.6	
Hámark	478.884
Hámark fyrir einstakan hlut	91.786
Lágmarks eigin áhætta	7.979

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2010/12

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

september 2010

